

Umhverfisnefnd alþingis

Félög smábátæigenda í Stykkishólmi og Grundarfirði vilja gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um vernd Breiðafjarðar

Félögin mótmæla þeim athugasemdum sem gerðar eru um 5.gr frumvarpsins þar sem segir. " Einnig að atvinnuhættir og umferð um svæðið verði með þeim hætti að ekki valdi neikvæðum áhrifum á lífríki. Sérstaklega ætti að gæta þess að valda ekki óþarfa truflun fyrir fuglalíf um varptíma og skaða ekki fjöru- og botndýralíf með óæskilegum veiðarfærum eða öðrum verkfærum. " og einnig þar sem segir " Jafnvei gæti þurft að takmarka aðgang tímabundið að ákveðnum eyjum eða svæðum á firðinum,t.d. um varptíma, og setja reglur um ferðir báta (leiðir, hraða, stærð, hávaða)"


Við trillukarlar við Breiðafjörð höfum talið okkur vera hluta af lífríki Breiðafjarðar og höfum ávallt borið virðingu fyrir lífríki fjarðarins og umgengist auðlindina með skynsamlega nýtingu að leiðarljósi og ávallt lifað í sátt við náttúruna. Því finnst okkur furðu sæta að 5.gr skuli vera sett til höfuðs okkur með slíkum hætti.

Við vitum að núverandi umhverfisráðherra er okkur smábátæigendum velviljaður og sagði hann á fundi hér í Stykkishólmi 12. jan 1994 að núverandi atvinnuhættir á Breiðafirði skyldu í engu skerðast með tilkomu þessa frumvarps.

Því viljum við að sú tilvitnun komi inn í frumvarpið og hinar fari út, því að þær geta orðið atvinnuháttum okkar trillukarla til skaða , ef t.d. öfgamenn í náttúruvernd fá hljómgrunn í þessari Breiðafjarðarnefnd.

Þá finnst okkur að í Breiðafjarðarnefnd ætti að vera fulltrúi skipaður af Landssambandi smábátæigenda ekki síður en Náttúrufræðistofnun Íslands.

Fyrir hönd Smábátafélaganna í Stykkishólmi og Grundarfirði.

.....  


Símon Sturluson formaður Ægis